

saka, hvort hægt væri að gjöra höfn við *Portland* (Dyrhólma) og leggja brýr yfir Þjórsá og Ölfusá, hefir sent stjórnarráðinu skýrslu um rannsóknir þær, sem hann hafði gjört í þessu skyni, sendum vör nú yður, herra landshöfðingi, tæða skýrslu ásamt með tilheyranda uppdrætti og áætlun um kostnaðinn við brúargjörð þessa.

Eins og sjá má af skýrslunni getur það ekki komið til tals, eptir því hvernig til hagar þar á staðnum, að gjöra höfn við *Portland*. Aptur á móti er ekki neitt því til fyrirstöðu, að því leyti er landslag snertir, að leggja þessar brýr, sem nefndar voru, ef unnt væri að fá til það fè, sem til þess þyrfti. Það verður samt sem áður að vera komið undir þeim mönnum sjálfum, sem búa í þeim sveitum, er í hlut eiga, að yfirvega þetta nákvæmar eptir þeim bendingum, sem skýrslan hefir inni að halda, og svo, ef til þess kemur, að gjöra þær uppástangur, sem með þarf, — en þeir höfðu mælt til, að fá áætlun um kostnaðinn við brúargjörðina, fyr en nokkuð yrði endilega afráðið um hana; því skal samt við bætt, að svo framarlega sem það reynist, að menn þar í sveitunum yfirhöfuð hafi nokkurn huga á, að koma þessu máli fram og leggja það í sölurnar, sem með þarf, þá muni stjórnin fús til að styðja fyrirtækið eptir megni. Um það, sem frekara verður gjört við málið, væntum vör skýrslu yðar, þegar að því kemur.

1874.

20. maí.

36. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald handa prófasti, samkvæmt tilsk. 24. júlí 1789.

22. maí.

Með bræfi, dagsettu 21. dag nóvbrm. f. á., sem stílað var til dómsmálastjórnarinnar, er aptur sendi það hingað, hafið þér, herra landshöfðingi, sent stjórninni bænarskrá með áliiti biskupsins yfir Íslandi, þar sem prófasturinn í Barðastrandarsýslu, Ólafur E. Johnsen, sækir um, að sèr verði veitt af því fè, sem ætlað er til óvissra útgjalda á yfirstandandi reikningsári, sanngjarnt

1874.

22. maí.

endurgjald fyrir kostnað þann, sem hann hafi haft við úttekt nokkra, sem fram fór í fyrra sumar, samkvæmt tilskipun 24. júlí 1789, á staðnum og kirkjunni í Selárdal; hafið þér skotið þessu undir úrskurð stjórnarráðsins, og með því það er yðar álit, að endurgjald það, sem ákveðið er handa próföstum í þessum tilfellum, með 6. gr. í tæðri tilskipun fyrir kostnað þeirra, sè eigi, að minnsta kosti nú sem stendur, með nokkru móti samsvarandi kostnaðinum, ef úttekt skal framfara í fjarlægum sóknum, hafið þér jafnframt stungið uppá, að lagt verði frumvarp fyrir næsta alþingi til tilskipunar um breytingu á nefndri grein, annaðhvort á þá leið, að prófastar fái endurgoldinn kostnað þann, sem í raun og veru hafi hlotizt af ferðum þeirra í þessum erindum, eptir sanngjörnum reikningi í líkingu við það, sem ákveðið er í aukatekjureglugjörð, 10. septbr. 1830, 16. gr., eða þannig, að ákveðið verði tiltekið endurgjald fyrir hvern dag, sem þeir eru á ferðinni fram og aptur. Ennfremur hafið þér stungið uppá, hvort eigi væri ástæða til, að hækka um leið endurgjald það, sem í tæðri grein er veitt skoðunarmönnum, og sem er 12 sk. á dag, svo það verði 1 rd. handa hverjum, en þetta eru venjuleg daglaun á Íslandi til sveita.

Útaf þessu gefur stjórnarráðið yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að það hefir enga heimild til að láta greiða Ólafi prófasti Johnsen endurgjald það, sem hann hefir sókt um, úr landssjóðnum, en með því vèr verðum að vera yðar, herra landshöfðingi, samdóma um, að ástæða sè til að segja öðruvísi fyrir um gjaldið bæði til prófasta og skoðunarmanna á þá leið, sem þér hafið stungið uppá, og þá sèrilegi að því leyti, er prófastana snertir, þannig að þeim verði veittir hæfilegir fæðispeningar fyrir hvern dag, sem þeir eru á leiðinni fram og aptur, mælumst vèr til, að þér, eptir að hafa fengið nákvæmara álit biskups um málið, semið frumvarp og sendið það hingað; en jafnframt skal þess getið, að það getur ekki með nokkru móti komið til tals að veita próföstum borgun af opinberu fè fyrir gjörðir þær, sem nefndar eru í niðurlaginu á bræfi biskups.